

## Íbúaráð Breiðholts

Ár 2021, mánudagur, 7. júní, var haldinn 18. fundur íbúaráðs Breiðholts. Fundurinn fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur – Tjarnarbúð og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 16.31. Fundinn sátu Sara Björg Sigurðardóttir og Geir Finnsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Jón Hjaltalín Magnússon, Jóhanna, Dýrunn Jónsdóttir, Ágústa Ýr Þorbergsdóttir og Erla Hrönn Geirsdóttir. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Þráinn Hafsteinsson sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 5. maí 2021 - Heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - notkun fjarfundabúnaðar, ásamt fylgiskjölum.

2. Fram fer kynning á fyrirkomulagi kosninga í borgarhlutanum.

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Fram fer kynning á Sendiherraverkefninu – tenging erlendra innflytjenda við samfélagið í Breiðholti.

Jasmina Vajzovic Crnac tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

4. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagsviðs við fyrirspurn fulltrúa íbúasamtaka um Garðheimareit sbr. 11. liður fundargerðar ráðsins frá 3. maí 2021.

5. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

6. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóði. Þessi liður fundarins var lokaður. Samþykkt að veita Ólafi Gyldasyni styrk í formi inneignar hjá Ræktunarstöð Reykjavíkur fyrir trjám að upphæð kr. 100.000-, vegna verkefnisins hreinsunar- og gróðursetningaátak sem skal útfæra í samráði umhverfis- og skipulagssviðs.

Samþykkt að veita Amöndu Tyahur styrk að upphæð kr. 150.000-, vegna verkefnisins Mural.

### Fundi slitið kl. 17:45

Sara Björg Sigurðardóttir

Geir Finnsson  
Jón Hjaltalín Magnússon  
Erla Hrönn Geirsdóttir

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir  
Ágústa Ýr Þorbergsdóttir